

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 17. nóvember 2023.

Mál nr. 498/2022:

**A**

(sjálfur)

**gegn**

**Maríu Lilju Þrastardóttur Kemp**

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

## Lykilorð

Frávísun frá Landsrétti. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Miskabætur. Málsgögn. Stjórnarskrá. Tjáningarfrelsi. Vanreifun. Ómerking ummæla.

## Útdráttur

A höfðaði mál gegn M og krafðist ómerkingar tiltekinna ummæla og miskabóta. Í niðurstöðu Landsréttar kom m.a. fram að greinargerð A, sem taldi alls 49 síður, væri í andstöðu við meginreglur einkamálaréttarfars um munnlegan málflutning og skýran og ljósan málatilbúnað, sbr. og áskilnað b-liðar 2. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá væri frágangur málgagna í verulegum atriðum í ósamræmi við reglur Landsréttar nr. 2/2018 um málsgögn í einkamálum. Taldi Landsréttur slíka galla á málatilbúnaði A að óhjákvæmilegt væri að vísa málinu frá Landsrétti án kröfu.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Davíð Þór Björgvinsson og Símon Sigvaldason og Kjartan Bjarni Björgvinsson settur landsréttardómari kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Landsréttar 16. júní 2022 að fengnu áfrýjunarleyfi. Ekki varð af fyrirhugaðri þingfestingu þess 10. ágúst 2022 og áfrýjaði hann öðru sinni 23. sama mánaðar. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 2022 í málinu nr. E-[...]/2021.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg að eftirfarandi ummæli stefndu verði dæmd dauð og ómerk:

Á Facebook-síðu hennar 18. maí 2018:

1. „Ofbeldismenn að beita konu kúgunum og ofbeldi. Way to proof a point hálfvitar.“

Á Facebook-síðunni Fjölmiðlanörðar 10. mars 2018:

2. „Hefði það drepið blaðakonu að googla feril þessara ofbeldismanna sem fá hér að halda uppteknum hætti og hrella barnsmæður sínar óárettir ? Hér eru hrottar sem berja konur og börn að stunda grimma sögufölsun sér í hag.“

Á Facebook-síðunni Fjölmiðlanörðar 10. mars 2018:

3. „Hvað með að flodda þetta millumerki með dómum um þá og viðtölum við mæður sem hafa orðið fyrir ofbeldi frá þeim.“

Áfrýjandi krefst þess jafnframt að stefndu verði gert að greiða sér miskabætur að fjárhæð 1.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, að liðnum mánuði frá birtingu stefnu. Þess er jafnframt krafist að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda 200.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og birtingu á dómnum í málinu á tveimur vefmiðlum.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti, en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.

- 3 Stefnda krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Landsrétti en til vara að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Landsrétti.

**Niðurstaða**

- 4 Mál þetta hefur áfrýjandi höfðað á hendur stefndu til ómerkingar tiltekinna ummæla sem stefnda birti á Facebook. Jafnframt krefst áfrýjandi greiðslu miskabóta úr hendi stefndu. Lögmaður annaðist mál áfrýjanda fyrir héraðsdómi, en áfrýjandi, sem er ólöglerður, fer sjálfur með mál sitt fyrir Landsrétti. Hefur hann notið ítarlegra leiðbeininga Landsréttar um formhlið málsins, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, meðal annars um frágang og birtingu áfrýjunarstefnu og um uppbyggingu og efni málgagna og greinargerðar.
- 5 Við þingfestingu málsins 5. október 2022 lagði áfrýjandi fram áfrýjunarstefnu í málinu ásamt greinargerð og málgögnum. Þann 1. nóvember sama ár lagði stefndi fram greinargerð sína í málinu. Var aðilum í kjölfarið veittur sameiginlegur frestur til gagnaöflunar til 16. nóvember sama ár. Þann dag lagði áfrýjandi fram viðbótargögn og var málinu í kjölfarið frestað. Áfrýjandi lagði fram viðbótargögn 5. september og 2. nóvember 2023 eftir lok gagnaöflunarfrests.
- 6 Samkvæmt b-lið 2. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991 skal í greinargerð áfrýjanda til Landsréttar lýsa þeim málsástæðum sem áfrýjandi ber fyrir sig fyrir Landsrétti. Skal lýsing þeirra vera svo gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála á hverju áfrýjun sé byggð. Greinargerð áfrýjanda fyrir Landsrétti telur alls 49 síður. Ekki verður með góðu móti ráðið af henni hvaða málsástæðum áfrýjandi teflir fram dómkröfum til stuðnings eða á hverju hann byggir áfrýjun sína til Landsréttar. Þá eru í greinargerðinni rakin í löngu máli atriði sem ekki verður séð að snerti það sakarefni sem til úrlausnar er. Greinargerð áfrýjanda fyrir Landsrétti er í engu samræmi við umfang málsins, en stefna í héraði telur átta blaðsíður og dómur héraðsdóms 13

blaðsíður. Stríðir greinargerð áfrýjanda gegn meginreglu einkamálaréttarfars um munnlegan málflytning. Málatilbúnaður áfrýjanda er til þess fallinn að koma niður á vörnum stefndu. Er málatilbúnaðurinn enn fremur í andstöðu við meginreglu einkamálaréttarfars um skýran og ljósan málatilbúnað og áskilnað b-liðar 2. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991.

- 7 Þá er einnig til þess að líta að frágangur málgagna áfrýjanda er í verulegum atriðum í ósamræmi við reglur Landsréttar nr. 2/2018 um málgögn í einkamálum. Hafa málgögn áfrýjanda ekki að geyma endurrit úr þingbók málsins í héraði. Þá hafa málgögn ekki að geyma fjölda skjala sem lögð voru fram í héraði, en þar er hins vegar að finna fjölda nýrra skjala sem ekki verður séð að tengist sakarefni málsins. Í málgögnum er ekki að finna efnisskrá, tímaskrá, hlutlæga greiningu og skrá yfir nöfn þeirra sem komu fyrir héraðsdóm, eins og áskilið er í 3. gr. reglna nr. 2/2018.
- 8 Samkvæmt framansögðu eru gallar á málatilbúnaði áfrýjanda slíkir að óhjákvæmilegt er að vísa málinu frá Landsrétti án kröfu.
- 9 Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður áfrýjanda gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Landsrétti með þeim hætti sem í úrskurðarorði greinir.

### Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Landsrétti.

Áfrýjandi, A, greiði stefndu, Maríu Lilju Þrastardóttur Kemp, 350.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. Apríl 2022

1. Mál þetta, sem var dómtekið 16. mars 2022, var höfðað 24. júní 2021 af A, [...], gegn Maríu Lilju Þrastardóttur Kemp, [...].
2. Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli stefndu verði dæmd dauð og ómerk:  
Á Facebook-síðunni Fjölmíðlanörðar 10. mars 2018:  
1. „Hefði það drepið blaðakonu að googla feril þessara ofbeldismanna sem fá hér að halda uppteknum hætti og hrella barnsmæður sínar óáreitir ? Hér eru hrottar sem berja konur og börn að stunda grimma sögufölsun sér í hag.“  
Á Facebook-síðunni Aktívistar gegn nauðganamenningu 13. mars 2018:  
2. „Hvað með að flodda þetta millumerki með dómum um þá og viðtölum við mæður sem hafa orðið fyrir ofbeldi frá þeim.“  
Á Facebook-síðu hennar 18. maí 2018:  
3. „Ofbeldismenn að beita konu kúgunum og ofbeldi. Way to proof a point hálfvitar.“  
Stefnandi krefst jafnframt 1.000.000 króna í miskabætur með dráttarvöxtum að liðnum mánuði frá birtingu stefnu samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.  
Þess er jafnframt krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda 200.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dóms í málinu á tveimur vefmiðlum.  
Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

3. Stefnanda krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að miskabótakröfu og kröfu um greiðslu vegna birtingar dóms verði hafnað eða umkrafðar fjárhæðir lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## I

### *Helstu málsatvik*

4. Frá [...] voru fluttar fréttir af forsjármáli stefnanda og [...] barnsmóður hans, en þau höfðu slitid samvistum í byrjun árs [...]. Þannig birti miðillinn [...] hinn [...] viðtal við barnsmóður stefnanda undir fyrirsögninni „[...]“. Þar lýsti barnsmóðir stefnanda forsjárdeilu þeirra og sambandi sínu við hann. Meðal undirfyrirsagna í viðtalinu var „[...]“. [...].
5. Hinn 10. mars 2018 birtist grein í [...] og á vefsíðunni [...] undir fyrirsögninni „[...]“. Fréttinni fylgdi mynd af stefnanda og þremur öðrum mönnum sem voru í forsvari fyrir hópinn #daddytoo. Fram kom að markmið hópsins væri einkum að berjast fyrir rétti fedra til umgengni við börn sín og gegn tálmunum mæðra. Auk stefnanda var rætt við C, D, E og F. Því var meðal annars lýst að svokölluð fedrasvipting væri regla fremur en undantekning hér á landi og kæmu mæður ítrekað í veg fyrir að fedur hittu börn sín, en kerfið væri meðvirkt með konum. Í viðtalinu voru raktar reynslusögur manna fjögurra og varð af þeim ráðið að þeir teldu kerfið hafa brugðist hagsmunum barna þeirra.
6. Fram kom í fréttinni að barnsmóðir stefnanda [...]. Haft var eftir stefnanda [...]. Þá lýsti hann nánar sambandi þeirra [...]. Hann fjallaði nokkuð ítarlega um mál sitt og barnsmóður sinnar. [...].
7. Sama dag og viðtalið var birt, [...], deildi stefnda greininni í hópnum Fjölmíðlanörðar á samfélagsmiðlinum Facebook. Við greinina skrifaði hún eftirfarandi ummæli sem krafist er ómerkingar á: „Hefði það drepið blaðakonu að googla feril þessara ofbeldismanna sem fá hér að halda uppteknum hætti og hrella barnsmæður sínar óáreitir? Hér eru hrottar sem berja konur og börn að stunda grimma sögufölsun sér í hag.“
8. Hinn 12. mars 2018 birti G færslu í hópnum Aktívistar gegn nauðganameningu á Facebook. Þar kom eftirfarandi fram. „Ég fékk svo yfirþyrmandi tilfinningu allt í einu og fannst ég þurfa að segja ykkur öllum sem hafið tekið þátt og sagt frá og verið reiðar og stuðningsríkar í kjölfarið á umfjöllun DV um þessa „reiðu ferður“: að ég elska ykkur allar og með finnst þessi umræða eftir að þessir menn í „daddytoo“ komu upp um sig búin að vera skelfileg og átakanleg og rosaleg og bara bjálæðislega styrkjandi á sama tíma, að sjá þessa samstöðu og þennan kærleik og þessa stuðningsreiði sem við erum búnar að deila og bara vá. Eins erfið og svona umræða er, eins þreytandi og rosalega vonlaust þetta virðist oft, þá er eins og með hverju kommenti sé einhver auka styrkur og orka sem kemur inn og sannar að hér eru systur, hér eru konur sem þora og VILJA gera eitthvað og að nú sé tíminn kominn, að þessir menn sem ljúga upp á barnsmæður sínar og nota börnin sín sem vopn gegn konum sem hafa enga vörn geti hvergi falið sig lengur. Að nú sé þögnin loks að rjúfa og þeirra seinasti felustaður sé að hverfa, því þeir hafa svo sannarlega þrífist vel í þögninni. Mér finnst þið svo brjálæðislega frábærar og þurfti bara að koma því út. Takk fyrir ykkur, þið allar, bestu baráttusystur. Rústum þessum gaurum!“ Stefnda setti „like“ við færsluna og skrifaði eftirfarandi athugasemd hinn 13. mars: „Hvað með að flooda þetta millumerki með dómum um þá og viðtölum við mæður sem hafa orðið fyrir ofbeldi frá þeim.“
9. Hinn [...] var H, [...], í viðtali í útvarpsþættinum Harmageddon þar sem rætt var um hópinn #daddytoo. Hún gat þess að hún vissi um konur sem hefðu verið beittar ofbeldi af meðlimum hópsins, en sömu menn héldu því nú fram að þeir hefðu verið beittir ofbeldi. Hinn [...] birtist grein á vefsíðu [...] með fyrirsögninni „[...]“. Í greininni var fjallað um bréf sem lögmaður #daddytoo hópsins hafði ritað H vegna ummæla hennar í útvarpsþættinum, en þar var meðal annars krafist miskabóta. Samdægurs deildi stefnda þessari frétt á Facebook síðu sinni og birti svohljóðandi færslu: „Ofbeldismenn að beita konu kúgunum og ofbeldi. Way to proof a point hálfvitar.“
10. Með bréfi stefnanda 5. apríl 2021 var þess krafist að stefnda drægi ummæli sín til baka og bæði stefnanda opinberlega afsökunar. Jafnframt var krafist greiðslu 1.000.000 króna í miskabætur gegn því að málinu yrði lokið með sátt. Stefnanda mun ekki hafa svarað þessu bréfi.

## II

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

11. Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir árásum af hálfu hóps sem stefnda tilheyri, en hópurinn hafi sótt að honum með ærumeiðingum og aðdróttunum. Með ummælum stefndu, sem hafi birst í víðlesnum Facebook-hópum og á síðu hennar á samfélagsmiðlinum Facebook, hafi stefnanda verið gefin að sök refsiverð háttsemi sem varði við XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 217. gr., 218. gr., 218. gr. b og 225. gr., en brot gegn ákvæðunum varði allt að 16 ára fangelsi.
12. Stefnandi byggir á því að með umræddum ummælum hafi stefnda gengið verulega lengra en tjáningarfrelsi hennar heimili og brotið gegn rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs og æruverndar, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
13. Með fyrstu ummælunum hafi stefnda fullyrt að stefnandi sé ofbeldismaður og hafi ummælin birst við mynd af stefnanda og öðrum stofnendum #daddytoo hópsins. Þá sé nafn stefnanda tilgreint undir myndinni. Með ummælunum staðhæfi stefnda að stefnandi eigi að baki feril sem ofbeldismaður og hafi hrellt barnsmæður sínar. Hún fullyrði að stefnandi sé hrotti sem berji konur og börn. Með öðrum ummælunum hafi stefnda fullyrt að stefnandi sé ofbeldismaður og beiti barnsmæður sínar kúgun, auk þess sem hópurinn sem hann sé í forsvari fyrir hafi verið uppnefndur. Þá hafi stefnda með þriðju ummælunum fullyrt að stefnandi sé dæmdur ofbeldismaður og að barnsmæður hans hafi orðið fyrir ofbeldi.
14. Öll ummælin séu ósönn og uppspuni frá rótum. Stefnandi hafi aldrei beitt neinn ofbeldi og eigi engan sakaferil. Þá hafi hann hvorki verið ákærður né dæmdur fyrir ofbeldisbrot eða önnur hegningarlagabrot. Skoða verði ummælin sem um ræðir í samhengi við önnur ummæli stefndu þar sem sams konar fullyrðingar séu ítrekaðar. Um sé að ræða ærumeiðandi aðdróttanir sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. [...]. Fullyrðingar um að stefnandi beiti konur og börn ofbeldi og kúgun séu vægast sagt ógeðfelldar. Séu aðdróttanir stefndu til þess fallnar að vekja beina andúð og óvild í garð stefnanda persónulega. Lögð er áhersla á að ummælin feli í sér ásakanir um refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi. Þau eigi það sammerkt að brjóta gegn 2. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga, sem og 234., 235. og 236. gr. sömu laga.
15. Stefnandi tekur fram að stefnda hafi meðal annars látið ummælin falla í fjölmönnum hópum á Facebook, þ.e. hópnum Fjölmíðlanörðar þar sem meðlimir séu tæplega 9.000 talsins og hópnum Aktívistar gegn nauðganamenningu sem taki til um 2500 einstaklinga. Þá hafi stefnda birt ummæli á Facebook-síðu sinni, en hún sé með mörg þúsund fylgjendur. Sýnileiki færslna af þessu tagi sé mikill, enda geri aðilar athugasemdir við færsluna, deili henni og gefi viðbrögð sín til kynna. Í reynd hafi tugir þúsunda manna séð færslurnar og ummælin.
16. Það sé ljóst að stefnda hafi haft ásetning til að eyðileggja líf og mannorð stefnanda og tryggja að rógburður hennar, sem og ærumeiðingar, næðu til sem flestra. Hafi mannorð stefnanda verið lagt í rúst af nokkrum einstaklingum, þar með talið stefndu, sem hafi borið hann röngum sökum og úthrópað á opinberum vettvangi sem hrotta og ofbeldismann gagnvart konum og börnum. Í þessu sambandi er vísað til þess að stefnda hafi sett „like“ við innlegg G í hópnum Aktívistar gegn nauðganamenningu þar sem ætlunin hafi verið að skapa múgæsing og úthrópa stefnanda opinberlega sem ofbeldismann.
17. Með meidyrðum og aðdróttunum stefndu hafi verið vegið alvarlega að lífsviðurværi stefnanda. Stefnandi starfi hjá fjölskyldufyrirtæki sem [...]. [...] og hafi fyrirtækið neyðst til að draga úr umsvifum sínum, en vöxtur þess hafi verið mikill áður en til árása á stefnanda kom. [...]. Þá hafi stefnandi þurft að draga úr vinnu sinni og átt erfitt með að sinna henni vegna andlegrar vanlíðanar. Hafi verið vegið að mannorði hans sem [...] og sem [...], en hann byggi lífsviðurværi sitt á nafni sínu og mannorði. Hafi stefnandi mátt þola umtalsvert fjárhagslegt tjón og sé hið sama að segja um fjölskyldufyrirtækið. Það sé honum mikilvægt að hreinsa mannorð sitt, en hann hafi ekki beitt ofbeldi þótt stefnda og fleiri hafi leitast við að telja almenningi trú um það. Sé ljóst að stefnda hafi gegn betri vitund haft hinar ærumeiðandi aðdróttanir í frammi á opinberum vettvangi.
18. Tekið er fram að stefnandi hafi í forsjármáli verið sakaður um ofbeldi af hálfu barnsmóður sinnar, en það hafi verið afsannað og raunar síðar verið staðfest í dómsmáli að barnsmóðir hans hefði beitt hann ofbeldi. Með aðdróttunum stefndu hafi jafnframt verið brotið gegn þeirri meginreglu að maður teljist saklaus uns sekt sé sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

19. Byggt er á því að stefnda hafi vegið með alvarlegum hætti að æru stefnanda, persónu, friði og friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu hans. Með ummælum sínum hafi stefnda ítrekað framið ólögmetta meingerð gagnvart stefnanda sem hún beri skaðabótaábyrgð á, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um rangar ærumeiðandi aðdróttanir sé að ræða og hafi stefnda borið þær út án þess að hafa nokkuð fyrir sér. Hafi hið gagnstæða raunar verið gert opinbert. Það sé ljóst að ummælin hafi haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir líf og líðan stefnanda, barna hans og fjölskyldu. Vegna þessa eigi stefnandi rétt á miskabótum úr hendi stefndu, sbr. einnig 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
20. Til stuðnings fjárhæð kröfu um greiðslu kostnaðar vegna birtingar forsendna dóms í málinu á tveimur vefmiðlum er vísað til tilboða frá Vísi.is og DV.is þar sem gerð sé grein fyrir kostnaði við birtingu á vefsíðum þeirra.

### III

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefndu*

21. Stefnda telur að sýkna eigi hana af kröfu um ómerkingu ummælanna þar sem meint sök í málinu sé fyrnd. Það sé óljóst undir hvaða lagaákvæði stefnandi telji ummælin falla, svo sem hvort þau teljist móðgun í skilningi 234. gr. almennra hegningarlaga eða aðdróttun í skilningi 235. gr. laganna. Brot gegn þessum ákvæðum varði eins árs fangelsi. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga fynnist sök á tveimur árum liggi ekki þyngri refsing við broti en eitt ár. Sé sök samkvæmt 234. og 235. gr. því fyrnd verði hún talin hafa verið til staðar.
22. Stefnda byggir einnig á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á ásetningu hennar til að brjóta gegn 234., 235. eða 236. gr. almennra hegningarlaga. Ásetningur sé skilyrði refsingar, sbr. 18. gr. sömu laga. Verði talið að ummæli stefndu falli undir eitthvert nefndra lagaákvæða er byggt á því að verknaðurinn hafi ekki verið saknæmur. Lögð er áhersla á að einstaklingar hafi verulegt svigrúm til tjáningarfrelsis, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu sé þessi réttur sérlega ríkur í lýðræðissamfélagi þegar rætt sé um málefni sem eiga erindi við almenning og geta talist innlegg í samfélagsumræðuna.
23. Stefnda byggir á því að öll ummælin hafi lotið að málefni sem sé samfélagslega mikilvægt og hafi verið þáttur í þjóðfélagslegri umræðu. Þá þurfi að meta ummælin í samhengi við þátttöku stefnanda sjálfs í þjóðfélagsumræðunni. Hann hafi kosið að stíga fram með mjög áberandi hætti og meðal annars tekið virkan þátt í umræðu sem skapaðist í kjölfar fréttar [...] um barnsmóður hans [...]. Þar hafi komið fram að barnsmóðir stefnanda [...] og hefði kært hann fyrir ofbeldi. Stefndi hafi tjáði sig í athugasemdakerfi við fréttina. Þá hafi hann ítrekað tjáð sig á öðrum vettvangi um bæði sitt mál og annarra, sett fram alvarlegar ásakanir á hendur ýmsum aðilum og harða gagnrýni á menn og málefni.
24. Tekið er fram að í fyrrgreindu viðtali hafi stefnandi komið fram sem forsvarsmáður yfirlýstra baráttusamtaka og einnig tjáð sig um persónuleg málefni sín. Stefnda hafi ekki verið upphafsmaður umræðu um hegðun stefnanda gagnvart konum og meint ofbeldi hans. Áður hafi fjölmiðlar og stefnandi sjálfur tjáð sig um málið og hafi stefnandi mátt búast við því að fólk hefði skoðanir á baráttusamtökunum og fyrirvarsmönnum þeirra. Þá þurfi að skoða ummælin í samhengi við háttsemi stefnanda sjálfs og framkomu hans í garð barnsmóður sinnar, sem og aðra tjáningu stefnanda. Svigrúm til harkalegrar gagnrýni sé aukið hafi aðilar viðhaft ámælisverða háttsemi sem þessa. Jafnframt sé aukið svigrúm til tjáningar þegar einstaklingar sem fara fyrir baráttusamtökum, sem gagnrýna tálmanir og það kerfi sem leysir úr slíkum málum, hafa sjálfir verið kærðir fyrir ofbeldi og jafnvel hlotið dóm fyrir.
25. Stefnda tekur fram að ummæli hennar hafi verið byggð á ályktunum af gögnum og feli í sér endursögn og gildisdóma. Ályktanirnar eigi sér stoð í staðreyndum og séu byggðar á skilningi stefndu á fjölmiðlaumfjöllun og frásögn annarra. Fram hafi komið að barnsmóðir stefnanda hefði kært hann til lögreglu, sakað hann um ofbeldi og [...]. Þá hafa sambærilegar ásakanir verið settar fram gegn öðrum í hópnum. Ályktanir stefndu um mennina hafi því ekki verið úr lausu lofti gripnar. Þá hafi stefnda verið í góðri trú um sannleiksgildi fréttaflutnings um málefni stefnanda og hafi fleiri dregið sömu ályktun og hún. Tekið er fram að í niðurstöðu fjölskipaðs héraðsdóms í forsjármáli stefnanda hafi komið fram að stefnandi hafi verið vanstilltur, ópolinmóður og yfirgangssamur við sáttatilraunir fyrir dómi. Þá hafi hann átt erfitt með að halda aftur af orðræðu sinni [...]. Þótt Landsréttur hafi gert athugasemdir við orðalag héraðsdóms hafi sérfróðir aðilar

dregið sömu ályktun og stefnda af háttsemi stefnanda. Þá sé rétturinn til að viðhafa ósanngjörn, móðgandi og stuðandi ummæli varinn af 73. gr. stjórnarskrárinnar.

26. Hvað varðar fyrstu ummælin sem krafist er ómerkingar á hafi þeim ekki verið beint persónulega að stefnanda og hafi hann ekki verið nefndur á nafn. Dómstólar hafi ekki talið unnt að ómerkja ummæli nema þau beinist sérstaklega að tilteknum einstaklingi og falli það í hlut stefnanda að sýna fram á það. Þá feli ummælin í sér gagnrýni á vinnubrögð þess fjölmiðils sem birti viðtalið við forsvarsmenn baráttusamtakanna. Stefnda hafi verið ósátt við að fjölmiðillinn gæfi mönnunum tækifæri til að veitast að barnsmæðrum sínum án þess að gætt væri hlutlægni í fréttatflutningi, svo sem með því að afla sjónarmiða kvennanna. Sú afstaða stefndu hafi birst í þeim ummælum að mennirnir fengju að halda uppteknum hætti og hrella barnsmæður sínar.
27. Stefnda leggur áherslu á að allir mennirnir hafa átt í hörðum deilum við barnsmæður sínar. Hún hafi notað orðið „ofbeldismenn“ þar sem þeir hafi verið sakfelldir eða sakaðir um að hafa beitt andlegu eða líkamlegu ofbeldi. Ekki hafi verið vísað sérstaklega til stefnanda, þótt hann hafi verið í viðtalinu og barnsmóðir hans sakað hann um ofbeldi eins og fram hafi komið í fjölmiðlum. Í stefnu vegna forsjardeilu stefnanda og barnsmóður hans hafi hún sakað stefnanda um líkamlegt og andlegt ofbeldi. Þá eru áréttuð ummæli um stefnanda í forsendum héraðsdóms vegna forsjardeilu stefnanda og barnsmóður hans. Af þessu megi álykta að fólk geti skynjað háttsemi stefnanda sem andlegt ofbeldi, sbr. skilgreiningar Kvennaathvarfsins og Neyðarlínunnar á ofbeldi. Þá geti það verið tegund ofbeldis að tjá sig í fjölmiðlum með þeim hætti sem mennirnir hafi gert um málefni barna og barnsmæðra sinna.
28. Stefnda vísar til þess að aðrir í hópnum hafi verið sakaðir um ofbeldi af einhverju tagi. Í þeim efnum er vísað til viðtals sem I veitti fjölmiðlum árið [...] um mjög alvarlegt ofbeldi sem hún kvaðst hafa orðið fyrir af hendi sambýlismanns síns um sjö ára skeið, en um sé að ræða E sem hafi verið meðal viðmælenda í viðtalinu. Þá hafi D, sem hafi einnig verið í viðtalinu, hlotið dóm fyrir ofbeldisbrot, sbr. Hrd. [...], og annan dóm vegna ofbeldis á árinu [...]. Fyrir liggja viðtal við D þar sem hann ræði opinskátt um afbrotaferil sinn, sem og um deilur sínar um umgengni við barnsmóður sína. Það að forsvarsmenn samtaka á borð við þau sem um ræðir stígi fram og gagnrýni konur, saki þær um ofbeldi og tálmanir hljóti að kalla á rúmt tjáningarfrelsi um málefnið. Hafi stefnda viljað vekja athygli á því að þarna færu einstaklingar sem gætu ekki talist trúverðugir talsmenn þess málstaðar sem þeir væru að koma á framfæri. Jafnframt hafi C, sem einnig var í viðtalinu, nýverið hlotið dóm fyrir að hafa brotist inn í byggingu og stolið umtalsverðum verðmætum.
29. Stefnda leggur áherslu á að með ummælunum „hér eru hrottar sem berja konur og börn“ hafi verið vísað til þess að meðal annarra hafi verið um að ræða aðila sem hefðu verið sakaðir um alvarlegt ofbeldi og jafnvel fengið dóma fyrir. Upplýsingar um þessa menn hafi legið fyrir þegar baráttusamtökin voru stofnuð en þeir engu að síður verið valdir til fyrirvars. Hafi mátt búast við harðri gagnrýni vegna þessa og verði stefnandi að þola það.
30. Hvað varðar önnur ummælin beinist þau ekki heldur sérstaklega að stefnanda, heldur að baráttusamtökunum og ótilgreindum einstaklingum. Lagt hafi verið til að fólk myndi nota myllumerkið sem samtökin kenni sig við til að birta upplýsingar um dóma sem fyrirvarsmenn samtakanna hafi hlotið, sem og ef einhver hefði orðið fyrir ofbeldi af þeirra hálfu að gera slíkt hið sama. Undirtönn athugasemdarinnar hafi verið gamansamur og kaldhæðinn. Ekki hafi falist í ummælunum ásökun um að einhver þessara aðila hefði hlotið dóm eða beitt ofbeldi, heldur hafi stefnda bent á þann möguleika að nota myllumerkið til þess að setja inn slíkar upplýsingar væri þær að finna. Tilgangurinn hafi verið að benda á skort á trúverðugleika talsmanna samtakanna. Um hafi verið að ræða gagnrýni og gildisdóma sem hafi ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis hennar.
31. Stefnda vísar til þess að þriðju ummælin hafi átt rætur að rekja til máls sem kom upp í kjölfar viðtals við H. H, sem sé þekkt fyrir störf sín í þágu kvenréttinda, hafi sagt að meðal forsvarsmanna baráttusamtakanna væru ofbeldismenn án þess að nafngreina einstaklinga. Af þessu tilefni hafi lögmaður mannanna sent henni kröfubréf sem hafi ratað í fjölmiðla og vakið athygli. Vegna þessa hafi stefnda skrifað hin umþrættu ummæli og viðrað þá skoðun sína að framkoma mannanna gagnvart konunni væri í sjálfu sér ofbeldi. Þá hafi hún bætt við „Way to proof a point hálfvitar“ og þannig gert gys að því að menn sem ekki vildu kenna sig við ofbeldi færu fram með miklu offorsi gegn öðru fólkum sem tjáði sig um málefni líðandi stundar. Um hafi verið að ræða gildishlaðna orðanotkun og hafi stefnda notað orðið ofbeldi í viðum skilningi, en ofbeldi geti til dæmis falist í því að áreita, hrella eða hafa í hótunum.

32. Stefnanda mótmælir því að uppfyllt séu skilyrði til greiðslu miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Hvorki hafi verið framin ólögmat meingerð í garð stefnanda né hafi hann sýnt fram á miska. Fullyrðingum stefnanda um atvinnutjón og annan miska er mótmælt sem ósönnuðum. Sé það rétt að [...] hafi farið dvínandi sé líklega framgöngu hans um að kenna, en boðskapur fyrrgreindra baráttusamtaka sé mjög umdeildur og margir ósammála honum. Þá þurfi að sýna fram á ásetning eða stórfellt gáleysi til að dæma miskabætur en stefnandi hafi ekki sýnt fram á slíkt. Jafnframt er vísað til þess að miskabótakrafa stefnanda sé fallin niður fyrir tómlæti, enda hafi þrjú ár liðið frá því að ummælin féllu og þar til málið var höfðað. Til vara er þess krafist að umkrafðar bætur verði lækkaðar verulega að virtri dómaframkvæmd.
33. Kröfum stefnanda um birtingu dóms, forsendna og dómsorðs er hafnað með vísan til framangreindra málsástæðna. Einnig verði að líta til þess langa tíma sem liðinn er frá því að umfjöllunin birtist. Þá er kröfu um vexti mótmælt.

#### IV

##### *Niðurstaða*

34. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort framangreind ummæli stefndu hafi falið í sér ærumeiðingar sem brjóti gegn 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga og friðhelgi einkalífs stefnanda eða hvort ummælin rúmist innan tjáningarfrelsis stefndu.
35. Stefnanda hefur byggt á því að sök samkvæmt 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga sé fyrnd, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 81. gr. sömu laga. Mál þetta var höfðað 24. júní 2021 eða rúmum tveimur árum og þremur árum eftir að fyrstu ummæli stefndu birtust. Sök samkvæmt 234. og 235. gr. laganna var því fyrnd, en það á þó ekki við um sök samkvæmt 236. gr. Hvað sem því líður er í málinu ekki gerð krafa um að stefndu verði gerð refsing, heldur lýtur krafa stefnanda að því tilgreind ummæli verði ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. laganna, auk þess sem krafist er miskabóta. Þá er krafist kostnaðar vegna birtingar dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr., en það leiðir af 6. mgr. 82. gr. að sýkna ber af kröfu um birtingarkostnað sé sök talin fyrnd samkvæmt ákvæðinu. Að framangreindu virtu verður leyst sjálfstætt úr kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla stefndu samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, sbr. til hliðsjónar dóma Landsréttar 20. mars 2020 í máli nr. 433/2019 og 19. mars 2021 í máli nr. 678/2019.
36. Í málinu vegast á tjáningarfrelsi stefndu, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og friðhelgi einkalífs stefnanda, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu hafa móttast viðmið og reglur sem ber að beita við úrlausn um álitafnið. Heimildir til að takmarka tjáningarfrelsi samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu ber að skýra þröngt og þurfa þær að grundvallast á nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi. Talið hefur verið að umræða um þjóðfélagsmál og tjáning sem er framlag til umræðu sem varðar almenning njóti aukinnar verndar tjáningarfrelsis, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar frá 9. febrúar 2022 í máli nr. 38/2021 og dóm Mannréttindadómstólsins 4. maí 2017 í máli nr. 44081/13, Reynir Traustason o.fl. gegn Íslandi. Þá hefur verið horft til fyrri háttsemi þess einstaklings sem ummæli líta að við mat á því hversu óvægna gagnrýni hann verði talinn þurfa að þola, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 9. febrúar 2022 í máli nr. 38/2021 og 25. september 2003 í máli nr. 36/2003. Við mat á því hvort ummæli skuli sæta takmörkunum skiptir jafnframt máli hvort fremur ber að líta á þau sem gildisdóm en staðhæfingu um staðreynd. Gildisdómar njóta aukinnar verndar og verður mönnum ekki gert að sanna þá eða refsað fyrir tjáninguna takist ekki slík sönnun, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 29. janúar 2009 í máli nr. 321/2008.
37. Eins og rakið hefur verið að framan var forsjármál stefnanda og barnsmóður hans til umfjöllunar í fjölmiðlum frá árinu [...]. Í fyrrgreindu viðtali, sem var birt af fjölmiðlinum [...], steig stefnandi fram sem einn forsvarsmanna #daddytoo hópsins. Í viðtalinu var meðal annars gerð grein fyrir markmiðum hópsins, einkum því að berjast gegn tálmunum mæðra, og reynslu þeirra sem stigu fram af kerfi þar sem feðrum væri mismunað á kostnað mæðra. Þá lýsti stefnandi sinni hlið á ágreiningi hans við barnsmóður sína og tók fram að hún hefði ítrekað beitt hann ofbeldi. Þessi umræða snerist meðal annars um rekstur forsjármála, réttindi karla, kvenna og barna í slíkum málum, tálmanir og kynbundið ofbeldi. Leggja verður til grundvallar að umræða um þessi atriði eigi erindi við almenning og sé þáttur í þjóðfélagsumræðunni. Þau ummæli stefndu sem krafist er ómerkingar á féllu í tilefni af þessari umræðu og verða ótvírætt rakin til hennar.

38. Til þess er að líta að stefnandi var mjög virkur í þessari umræðu og tók þátt í viðtölum, auk þess sem hann birti ýmis ummæli í athugasemdakerfum fjölmiðla. Hann kaus sjálfur að koma fram í fyrrgreindu viðtali sem einn forsvarsmanna #daddytoo hópsins, en hann hafði ekki verið nafngreindur í fyrri umfjöllun um forsjármálið. Eins og rakið hefur verið gerði stefnandi grein fyrir sinni hlið á ágreiningi við barnsmóður sína og dró ekki undan í lýsingum á henni, sem og ásökunum í hennar garð. Þannig sakaði hann barnsmóður sína til að mynda ítrekað um ofbeldi, þar með talið að hún væri [...] og ofbeldismanneskja. Hann fjallaði einnig um einkamálefni hennar sem höfðu ekki verið til almennrar umfjöllunar. Samkvæmt þessu gerðist stefnandi þátttakandi í þjóðfélagsumræðu, fjallaði þar um einkamálefni sín og annarra og fullyrta ítrekað um ofbeldi barnsmóður sinnar, sem og lögbrot sem hann kvað karla verða fyrir af hendi kvenna og opinberra aðila. Telja verður að með þessari framgöngu hafi stefnandi mátt gera ráð fyrir að verða fyrir gagnrýni og varð hann að þola harðari ummæli um sig en ella, sbr. einnig dóm Landsréttar 4. mars 2022 í máli nr. 726/2020.
39. Með fyrstu ummælunum, sem stefnandi krefst að verði ómerkt, deildi stefnda viðtali við stefnanda og aðra forsvarsmenn #daddytoo hópsins í hópnum Fjölmiðlanörðar á Facebook. Stefnda gagnrýndi blaðamanninn sem hafði tekið viðtalið og vísaði til þess að hún hefði átt að „googla“ feril „þessara ofbeldismanna sem fá hér að halda uppteknum hætti og hrella barnsmæður sínar óáreittir“. Jafnframt bætti hún við að hér væru „hrottur sem berja konur og börn og stunda grimma sögufölsun sér í hag“. Með þessu gagnrýndi stefnda vinnubrögð fjölmiðilsins og hélt því einnig fram að skoðun blaðamanns hefði átt að leiða í ljós að um væri að ræða ofbeldismenn, sem hún svo lýsti nánar sem hrottum sem berðu konur og börn. Telja verður að ummælin hafi beinst að stefnanda, sem og öðrum þeim sem tóku þátt í viðtalinu fyrir hönd hópsins, enda birtist mynd af þeim með viðtalinu þó að þeir væru ekki nafngreindir í færslu stefndu.
40. Til þess er að líta að orðið ofbeldismaður getur vissulega vegið að mannorði þess sem það er haft um, en það vísar eitt og sér ekki til tiltekins refsiverðs verknaðar sem viðkomandi er sakaður um. Telja verður að orðið ofbeldi sé raunar oft notað með almennum hætti um þá háttsemi sem sá sem það notar telur andstæða lögum. Eins og áður greinir notaði stefnandi sjálfur orðið ítrekað í umræðu þar sem hann lýsti barnsmóður sinni meðal annars sem ofbeldismanneskju, auk þess sem hann lýsti tálmunum og röngum sakargiftum sem ofbeldi. Þar sem stefnda vísaði einnig til mannanna sem hrotta sem berðu konur og börn benti það til þess að forsvarsmenn hópsins hefðu beitt líkamlegu ofbeldi og var merking orðsins þannig þrengd. Hvað sem því líður verður að meta ummælin heildstætt og í samhengi við viðtalið sem var tilefni þeirra, en þar vísuðu viðmælendur meðal annars til ofbeldis af hálfu barnsmæðra sinna. Einnig verður að líta til þess hvort stefnandi hafi verið í góðri trú um réttmæti þess sem hún tjáði sig um. Þegar stefnda lét ummælin falla hafði barnsmóðir stefnanda sakað hann um ofbeldi í fjölmiðlum, þar með talið í fyrrgreindu viðtali sem birtist í [...], og kært hann fyrir ofbeldi. Þá hafði stefnda vitneskju um að einn mannanna, sem kom fram í viðtalinu, væri fyrrum sambýlismaður konu sem hafði stigið fram á árinu [...] og lýst í fjölmiðlum mjög alvarlegu ofbeldi af hans hálfu, þar með talið líkamlegu ofbeldi. Jafnframt liggur fyrir að annar mannanna, sem tók þátt í viðtalinu, hefur verið sakfelldur fyrir líkamlegt ofbeldi og tjáð sig um það í fjölmiðlum. Ummæli stefndu féllu þannig í samhengi við umrætt viðtal þar sem menn, sem höfðu verið sakaðir um eða sakfelldir fyrir ofbeldi, héldu því fram að þeir hefðu sjálfir sætt ofbeldi og berðust fyrir foreldrajafrétti. Telja verður að við þessar aðstæður hafi stefnandi þurft að þola hvassa gagnrýni og skerta einkalífsvirnd vegna þátttöku sinnar og framgöngu í umræðunni. Þá höfðu ummæli stefndu, eins og þau voru sett fram og í heild sinni, fremur yfirbragð gildisdóms en beinnar staðhæfingar um staðreynd, sbr. einnig til hliðsjónar fyrrgreindan dóm Landsréttar 4. mars 2022 í máli nr. 726/2020, sem og dóm 5. mars 2021 í máli nr. 34/2020. Þá verður ekki annað séð en að stefnda hafi verið í góðri trú um réttmæti ummælanna þegar þau féllu að virtu því sem komið hafði fram í umræðunni, sem og í fjölmiðlum á fyrri stigum, og verði ekki krafín frekari sönnunar í þeim efnum. Samkvæmt öllu framangreindu verður lagt til grundvallar að þótt ummælin hafi verið óvægin hafi stefnda, sem þátttakandi í þjóðfélagsumræðunni, ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns.
41. Önnur ummælin sem deilt er um birtust sem athugasemd stefndu við færslu annars einstaklings í tilteknum hópi á Facebook, en gerð hefur verið grein fyrir færslunni að framan. Með ummælunum lagði stefnda til að myllumerki #daddytoo hópsins yrði notað til að upplýsa um dóma sem mennirnir hefðu fengið og viðtöl við mæður sem hefðu orðið fyrir ofbeldi af þeirra hálfu. Ummælin beindust ekki sérstaklega að stefnanda fremur en öðrum meðlimum hópsins. Þá verður ekki annað séð en að ætlun stefndu hafi verið að benda á skort á

trúverðugleika talsmanna hópsins og að ummælin hafi verið liður í þjóðfélagsumræðu sem laut meðal annars að fyrrgreindum hópi, kynbundnu ofbeldi og foreldrajafrétti. Að þessu virtu verður ekki fallist á að stefnda hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns með þessum ummælum.

42. Eins og áður greinir var tilefni þriðju ummælanna kröfubréf sem lögmaður #daddytoo hópsins sendi H sem hefur látið sig réttindi kvenna varða, en hún hafði í útvarpsviðtali tekið fram að meðal forsvarsmanna umrædds hóps væru ofbeldismenn. Kröfubréfið, þar sem meðal annars var sett fram bótakrafa, hafði ratað í fjölmiðla og deildi stefnda frétt um þetta á Facebook-síðu sinni ásamt eftirfarandi færslu: „Ofbeldismenn að beita konu kúgunum og ofbeldi. Way to proof a point hálfvitar.“ Með vísan til fyrri umfjöllunar verður ekki talið að stefnda hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns með því að vísa til forsvarsmanna hópsins sem ofbeldismanna. Hið sama á við um þann gildisdóm stefndu að með kröfubréfi af þessu tagi væri kona beitt kúgun og ofbeldi, en telja verður ljóst að orðið ofbeldi sé hér notað í þeim rúma skilningi sem áður hefur verið fjallað um. Skilja verður seinni málslið ummælanna, sem var á ensku, með þeim hætti að gert sé grín að því að forsvarsmenn hópsins færu fram með hætti sem ekki samræmdest yfirlýstum markmiðum þeirra. Að öllu virtu verður ekki talið að stefnda hafi með þessum ummælum fremur en hinum tvennum gengið lengra í tjáningu sinni en heimilt sé.
43. Samkvæmt öllu framangreindu telur dómurinn að sú tjáning sem um er deilt rúmist innan tjáningarfrelsis stefndu samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Takmörkun tjáningar hennar með ómerkingu ummæla eða skyldu til greiðslu miskabóta telst þannig ekki uppfylla skilyrðið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. Verður stefnda því sýknuð af kröfum stefnanda.
44. Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn með þeim hætti sem greinir í dómsorði. Ásgerður Ragnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

#### DÓMSORÐ:

Stefnda, María Lilja Þrastardóttir Kemp, er sýkn af kröfum stefnanda, A  
Stefnandi greiði stefndu 1.000.000 króna í málskostnað.